

## AUGLÝSING

### um breytingu á aðalskipulagi Eyjafjarðarsveitar, vegna Öngulsstaða I.

Skipulagsstofnun staðfesti þann 8. maí 2015 breytingu á aðalskipulagi Eyjafjarðarsveitar 2005-2025, sem samþykkt var í sveitarstjórn Eyjafjarðarsveitar þann 23. mars 2015.

Breytingin felst í því að frístundasvæði FS13b í landi Öngulsstaða I er minnkað úr 1,92 ha í 0,8. Eftir breytinguna verður heimilt að byggja tvö hús á svæðinu í stað fimm.

Málsmeðferð var samkvæmt 2. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

*Skipulagsstofnun, 8. maí 2015.*

**Ásdís Hlökk Theodórsdóttir.**

*Ottó Björgvin Óskarsson.*

—————  
B-deild – Útgáfud.: 26. maí 2015